

**Nr. 101 / 12 Selfoss*****Skipverji slasast á hendi***

IMO.nr. 8914556  
Smíðaður: Danmörku 1991, stál  
Stærð: 7.676 BT 8.609 DW  
Mesta lengd: 127 m  
Breidd: 20,5 m Dýpt: 7,5 m  
Vél: MaK 5.400 kW, 1991  
Fjöldi skipverja: 11



Selfoss©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Slysaskýrsla frá skipi  
Ljósrit úr leiðarbók  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 7. desember 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 23. ágúst 2012 var Selfoss við bryggju í Vestmannaeyjum.

Skipverji var að vinna við að stýra skókassa á pláss í brunni en við það klemmdi hann vísifingur vinstri handar á milli spreader og kassans. Farið var með skipverjann til læknis en hann var óvinnufær.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjinn hafði oft gert þetta en kvaðst ekki hafa áttað sig á að hvar hann hafði höndina í þetta skiptið og þ.a.l. ekki varað sig.

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu.